

Reykjavík, 27. maí 2016

Niðurstaða athugunar á útlánum Sparisjóðs Suður-Píngeyinga ses.

Fjármálaeftirlitið birti gagnsæistilkynningu á heimasíðu sinni hinn 10. febrúar 2016 þar sem gerð var grein fyrir niðurstöðum athugunnar Fjármálaeftirlitsins á útlánum hjá Sparisjóði Suður-Píngeyinga ses.

Vegna misvísandi fjölmiðlaumfjöllunar í kjölfar birtingar framangreindrar gagnsæistilkynningar tekur Fjármálaeftirlitið fram að Sparisjóður Suður-Píngeyinga ses. hefur brugðist við öllum athugasemdum eftirlitsins innan settra tímamarka samkvæmt skýrslu innri endurskoðanda sjóðsins sem barst Fjármálaeftirlitinu í maí 2016 og er það mat eftirlitsins að fullnægjandi úrbætur hafi verið gerðar af hálfu sparisjóðsins.